Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

27. tbl. þriðjudagur 27.6. 1978 7. árg. verð kr. 100.-

Úrslit kosninganna
Er lýðskrumið sigurvegarinn?

Mörgum er það sjálfsagt umhugsunarefni hvað hafi valdið þeim miklu tilfærslum á atkvæðamagni milli flokka sem áttu sér stað í alþingiskosningunum. Grátklökkir talsmenn stjórnarflokkanna koma með þá "skýringu" að þeir hafi verið of málefnalegir. Að þeim hafi ekki tekist að skýra nógu vel út aðgerðir sínar fyrir þjóðinni. Einar Ágústsson skellir skuldinni á síðdegisblöðin og Sverrir Hermannsson telur Sjálfstæðisflokkinn ekki þola lyktina af framsókn. Það er reyndar rétt til getið hjá fyrrverandi stjórnarflokkum að þeim tókst ekki að gera þjóðina ánægða með kaupránslögin, verðbólguna, Kröfluævintýrið eða rotið dómskerfi, svo eitthvað sé nefnt. En þannig fer reyndar ávallt fyrir þeim sem reyna að verja rotnandi þjóðfélagskerfi kapítalismans. En hvað er þá til ráða ef málefnaleg vörn fyrir kapítalismanum vinnur ekki hylli kjósenda? til að svara þessari spurningu þarf ekki annað en að skoða málflutning "sigurvegaranna" Alþýðuflokks og Alþýðubandalags, fyrir þessar kosningar. Potturinn og pannan í þeirra málflutningi var hamslaus árás á rotið kerfi kapítalismans.

Þessir flokkar, hver á sinn hátt, lögðu höfuðáherslu á að draga fram í dagsljósið spillingu auðsafnarans, valdníðslu ríkisvaldsins og yfirleitt það fjölmarga sem sýnir fram á að arðránskerfi íslenska kapítalismans er ófært um að tryggja lífsafkomu verkafólks vegna gróðaþorsta atvinnurekenda.

Engan skal furða að þessi óttalausa afhjúpun þeirra á kapítalismanum hafi náð tökum á fjölmörgum launþegum sem heyja nú um þessar mundir harðvítuga kjarabaráttu. En hvert er svo lausnarorðið? í munni þessara meistara sjónhverfinganna og prófessora í lýðskrumi heitir það: "kosningar eru kjarabarátta" eða m.ö.o. kjósið okkur og þá verður allt gott. Þeirra lausn er ekki að ráðast að rótum meinsins heldur skal breitt yfir ósómann eftir kosningar. Komist þeir báðir í ríkisstjórn verður þaggað niður í verkalýðshreyfingunni, og hún gerð ánægð með hlutskipti sitt, eins og á dögum "vinstri"stjórnarinnar. Og baráttufylkingar fólksins eins og Samtök Herstöðvaandstæðinga verða þá litin illu auga af hálfu forystuanda Alþýðubandalangsins. Komist AB ekki í ríkisstjórn munu þeir hafa á-huga á að halda áfram að notfæra sér samtök fólksins í þágu lýðskrums síns. Eitt er víst að það eru meistarar lýðskrumsins sem eru sigurvegarar kosninganna. En stuðningur þeirra við kapítalismann mun verða afhjúpaður fyrir fjöldanum fyrr eða síðar. Og þá mun fjöldinn fella þungan dóm yfir bæði þeim og kapítalismanum í heild.

Hryðjuverk ísraelshers

Það vakti mikla reiði og mótmælaöldu um allan heim er fréttist að ísraelsher notaði í innrás sinni í Suður-Líbanon bandarísk vopn, sem eingöngu eru ætluð til að drepa óbreytta borgara. Það vopn sem sérstaklega vakti athygli almennings var clustersprengjan (fjölsprengjan), en notkun hennar hefur komið af stað alþjóðlegum deilum og einnig deilum innan Bandaríkjanna.

"The rockeye cluster bomb 2CBU" er hönnuð af "US Navy Weapons Centre". Sprengjan vegur um 500 lb. og eftir að henni hefur verið varpað úr flugvélinni, losna frá henni 717 smásprengjur. Þessar smásprengjur springa er þær falla á jörðina og dreifa um nágrennið sprengikúlum, sem eru stórhættulegar og drepa eða særa þá sem fyrir þeim verða. Sprengikúlurnar dreifast á allt að 5oo fermetra svæði og eru þannig lagaðar að erfitt er að taka eftir þeim. Þetta viðbjóðslega og ómannúðlega vopn var fyrst notað í Vietnam af bandaríkjamönnum og olli þá miklum deilum. Í dag er þetta villimannlega vopn, sem framleitt er eingöngu í Bandaríkjunum, aðeins notað af bandaríska flughernum, bandaríska flotanum og svo ísraelska flughernum, og eins og áletranir á sprengjukúlubrotum sem fundist hafa dreifð í mörgum Suður-Líbönskum bæjum sýna, var vopnið afhent ísraelsmönnum eigi síðar en 1973 gegnum bandaríska hernaðaraðstoð og ráðgjafaáætlanir.

Hundruð óbreyttra borgara, aðallega konur og börn, hafa orðið fórnarlömb þessarar illu uppfinningar, sem var varpað úr Phantom og Skyhawk þotum, fengnum frá Bandaríkjunum, yfir þéttbýlis og landbúnaðarsvæði í Suður-Líbanon. Í sumum tilfellum hafa "Rockeye 2CBU" verið stilltar til að springa á mismunandi tímum eftir að þeim var varpað, aðrar gátu sprungið við minnstu hreyfingu. Þessar sprengjur hafa valdið dauða fjölda óbreyttra borgara, þar á meðal björgunarmanna og barna og einnig

framhald á síðu 2



Rústir þorps eftir sprengjuárásir ísraelsmanna



Ísraelskur innrásarskriðdreki

Kosningarnar og kjarabaráttan

Samningana í gildi

Ofanritað var eitt af höfuðkjörorðum Alþýðubandalagsins fyrir alþingiskosningarnar. Þrátt fyrir að nýja borgarstjórnin hafi uppfyllt aðeins ca. 70% loforðsins gaf vinnandi fólk AB frekari stuðning sinn til að koma samningunum endanlega í gildi

Það er athyglisvert að Þjóðviljinn, sem flesta daga í kosningabaráttunni, var yfirfullur af kröfum um samningana í gildi, minnist ekki einu orði á samningana í gildi eftir kosningar. Enda má túlka hitt aðalkjörorð AB, kosningar eru kjarabarátta, frjálslega; kosningunum og kjarabaráttunni er lokið.

Þriðja kjörorð þeirra var - Kjósum ekki kaupránsflokkana.

Nú er eftir að sjá hvernig AB fer með loforðin.

Verkalýðsforystan notar félögin

Það kom berlega í ljós fyrir þessar kosningar hvernig verkalýðsforysta AB notar verkalýðsfélögin. Forysta Dagsbrúnar hefur enn ekki haldið aðalfund sem átti þó að halda fyrir 15. febrúar. En Guðmundur J. og Eðvarð héldu Dagsbrúnarfund með borgarstarfsmönnum rétt fyrir kosningar til að styðja AB í þingkosningum.

Alþýðubandalagið notar verkalýðsfélögin sér til framdráttar í kosningum. Fyrir kosningar rignir loforðum yfir verkafólk en eftir kosningar er Þjóðviljinn stútfullur af hólgreinum um nýju þingmennina. Þá er verkafólkið löngu gleymt enda hefur stuðningur þess þjónað sínum tilgangi, að ýta undir Alþýðubandalagið.

Hvað er hægt að gera?

Það er ljóst að AB-forystan mun svíkja öll loforð sín. Við getum að vísu ekki sannað þessa fullyrðingu enda gerist þess ekki þörf, Alþýðubandalagið mun sjá um þá hlið málsins.

Eina færa leið verkalýðsins er að gera verkalýðsfélögin að raunverulegum baráttutækjum. Til þess þarf að reka úr stjórnum félaganna alla sem hafa aðra hagsmuni en verkalýðsins og kjósa í þeirra stað baráttufúsa verkamenn sem taka aðeins mið af hagsmunum verkalýðsins.

LEIÐARI

Úrslit kosninganna

Það er ljóst af úrslitum alþingiskosninganna að íslenskur verkalýður hefur algerlega hafnað efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og árásum hennar á kjör verkalýðsstéttarinnar og frjálsan samningsrétt verkalýðsfélaganna. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa í kosningunum beðið það mesta afhroð sem nokkurn tíma hefur átt sér stað í sögu íslenskrar stjórnmálabaráttu.

Sigurvegarar kosninganna eru hins vegar þeir tveir flokkar sem kenna sig við alþýðu landsins, Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið. Þessir flokkar sem báðir voru í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili hafa ákaft gagnrýnt aðgerðir ríkisstjórnarinnar og vinnubrögð hennar, ekki síst nú síðustu mánuðina.

Þessir flokkar hafa heldur ekki látið vanta fagrar yfirlýsingar um að þeir hafi í pokahorninu lausnir og ráð við hverjum vanda efnahagslífsins. Báðir hafa gefið loforð um að samningarnir verði aftur settir í gildi ef þeir komist í ríkisstjórn.

Kommúnistaflokkurinn sem í þessum kosningum bauð fram K-listann í Reykjavík benti á það í sínum málflutningi að þrátt fyrir fagrar yfirlýsingar og fyrirheit Alþýðuflokksins og Alþýðubandalagsins, ætti verkalýðsstéttin einskis betra að vænta úr hendi þeirra en úr hendi ríkisstjórnarflokkanna. Allir flokkarnir sem nú eiga menn á Alþingi eru og verða fulltrúar og málsvarar þess þjóðskipulags sem við búum við í dag. Þetta þjóðskipulag byggist á vinnuþrældómi verkalýðsfjöldans og arðráni fámennrar auðmannastéttar á verkalýð og vinnandi alþýðu. Það er á grundvelli þessa þjóðskipulags sem ríkisstjórnin byggði aðgerðir sínar og það verður á grundvelli þessa þjóðskipulags sem Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið koma til með að byggja sínar aðgerðir komist þeir í ríkisstjórn.

Kommúnistaflokkurinn hefur barist og mun áfram berjast fyrir breyttu þjóðskipulagi á Íslandi. Kommúnistaflokkurinn mun einnig halda áfram baráttu sinni gegn öllum þeim lausnum á efnahagsvandanum sem byggjast á auknu arðráni á verkalýðsstéttinni.

Sú staðreynd að K-listinn hlaut aðeins 128 atkvæði í alþingiskosningunum segir ekki alla söguna um þann hljómgrunn sem stefna flokksins á í verkalýðshreyfingunni og annars staðar í þjóðfélaginu. Það kom greinilega fram við talningu atkvæða í Austurbæjarskólanum að margir þeir sem kusu Alþýðubandalagið eru mjög óánægðir með flokkinn, þó þeir hafi látið áróðurinn um dauðu atkvæðin villa sér sýn. Fjöldi útstrikana á Guðmundi J. Guðmundssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni bera því glöggt vitni að margir eru sammála Kommúnistaflokknum þó þeir hafi kosið Alþýðubandalagið vegna hræðslu um að "eyðileggja" atkvæði sitt með því að eyða því á svokallað smáframboð, sem ætti ekki möguleika að fá mann kjörinn á þing. Alþýðubandalaginu hefur því miður tekist með lýðskrumi sínu og blekkingaráróðri, að telja þessu fólki trú um að þessi áróður eigi við rök að styðjast, en sannleikurinn er sá að með samstöðu allra þeirra sem berjast vilja gegn stéttasamvinnustefnu Alþýðubandalagsforystunnar, er auðveldlega hægt að tryggja kjör þingmanns sem yrði málsvari verkalýðsstéttarinnar á Alþingi. Íslenskur verkalýður verður að gera sér grein fyrir þessari staðreynd. Eina vörnin gegn vaxandi vinnuþrældómi og síauknu arðráni á verkalýðsstéttinni er að treysta sjálfstætt skipulag verkalýðshreyfingarinnar og Kommúnistaflokk Íslands og stefnu hans.

Hryðjuverk ísraelshers

framhald af forsíðu

bænda við vinnu sína á ökrunum.


Bandaríkjastjórn sem flækt er í hræsnisfullar yfirlýsingar sínar um mannréttindi og frið hefur orðið fyrir mikilli gagnrýni almennings eftir að upp komst um notkun ísraelshers á Clustersprengju hennar í Suður-Líbanon. Til að reyna að réttlæta sig hefur stjórnin svarað ásökunum með því að gefa út röð af yfirlýsingum.

Eftir að hafa játað dreifingu Clustersprengjunnar og fleiri bandarískra vopna og frammi fyrir óhrekjanlegum staðreyndum um notkun þeirra, benti Vance utanríkisráðherra Bandaríkjanna á það að Ísrael hefði brotið samning milli Bandaríkjanna og Ísrael frá 1952 um að nota vopnin sem þeir fengju frá Bandaríkjunum "aðeins til að halda innri

ALÞJÓÐLEGI RAUÐI KROSSINN RÆÐST OPINBERLEGA GEGN VILLIMENNSKU ÍSRAEL

Í skýrslu sem Alþjóðlegi Rauði Krossinn sendi frá sér 7. apríl síðastliðinn er farið hörðum orðum um villimannlega framkomu síonisku herjanna á meðan á íhlutun þeirra í Suður-Líbanon stóð. Í skýrslunni sagði að síonistar hafi beitt loftárásum og stórskotaliði gegn öllum líbönskum bæjum sem þeir hernumdu með þeim afleiðingum að flestir íbúanna hafi flúið heimili sín. Þessar sprengjuárásir áttu sér að langmestu leyti stað áður en herinn hóf sókn sína yfir landamærin.

Í skýrslunni er einnig minnst á að eftir að hafa rannsakað 130 bæi í Suður-Líbanon, hafi Rauði Krossinn komist að raun um að meira en helmingi þessara bæja hafi verið algerleg eytt, og að allir hafi orðið fyrir ísraelskum sprengjum sem ollu miklum skemmdum.



Hin óhugnalega klasasprengja



Palestínumenn láta ekki berja sig til hlýðni

öryggislínu, í löglegri sjálfsvörn, eða í sameiginlegu öryggissamkomulagi Sameinuðu þjóðanna, og ekki að hefja neinar árásartilraunir". (International Herald Tribune, 10/4 1978). Samt sem áður, eftir að hafa játað að Ísrael hefði brotið alla samninga við Bandaríkin um notkun Clustersprengjunnar, sérstaklega með tilvísun til notkunar hennar gegn óbreyttum borgurum, sagði hann: "Ég mæli ekki með að Carter beiti refsiaðgerðum". Við ætlum ekki að spyrja hversvegna? Þar sem Bandaríkjastjórn tekur það sem gefinn hlut að Ísraelsmenn nóti bandarísk vopn eins og þeim sýnist eru svokallaðir "samningar" aðeins brögð búin til að villa um fyrir almenningi.

Samkvæmt grein sem birtist í New York Times 9/4´78, síðar staðfest af bandarískum stjórnvöldum, var afhending á bandarísku Clustersprengjunni til Ísrael ætluð til "notkunar aðeins í yfirlýstu stríði og þá eingöngu gegn hernaðarlegum skotmörkum". Andsvar bandarískra stjórnvalda við morðum með köldu blóði á hundruðum líbanskra borgara og palestínskra flóttamanna var gert heyrinkunnugt af talsmanni bandarískra stjórnvalda, Charles Shopeio: "Notkun sprengjanna var brot á loforði sem Ísrael hefur gefið Bandaríkjunum". Takið eftir því að ekki gætir neinnar gagnrýni á að sprengjunni hefur verið dreift og algerlega er látið kjurt liggja að svo mikið sem minnast á refsiaðgerðir.

Það er vegna algerrar ábyrgðar bandarískra stjórnvalda á árásum Ísraels og hryðjuverkastarfsemi þeirra, leiðandi bandarískir þingmenn eins og Paul N. McCloskey, repúblikani frá Kaliforníu, hafa gefið út yfirlýsingar þar sem segir að sprengjan hafi valdið "dauða fjölda manna og ég á ekki orð til að lýsa reiði minni. Ef þeir ætla að fara að nota þessa gerð vopna mun ég greiða atkvæði með niðurskurði aðstoðar til Ísrael". (Associated Press, 9/4´78)

Ísraelska ríkisstjórnin sem treystir á algjöran stuðning Ameríku í árásarævintýrum sínum, svaraði gagnrýni sem þeim barst frá öllum heimshornum vegna hryðjuverka sinna með einföldu "hvað með það".. Og ísraelski hershöfðinginn Gur sagði eftir að hafa viðurkennt notkun sprengjunnar, "það er ekkert sem þarf að svara um hana, eina spurningin getur verið um samninginn milli okkar og bandaríkjamanna". (associated Press, 10/4´78)

Síonistar hafa reynt að notfæra sér fjöldamorð nasista á gyðingum til að réttlæta hernám sitt á arabísku landi. Nú hafa bandarísk stjórnvöld gerst ábyrgðarmenn fjöldamorða síonista og áætlana þeirra um að uppfylla drauma sína um aukna útþenslu. Ísraelsk - ameríska slátrunin á arabískum borgurum mun ekki breyta þeirri staðreynd að arabísk alþýða og þar á meðal Palestínumenn munu berjast gegn öllum hryðjuverkum og árásum þar til hinn illi óvinur er sigraður og hernumdu svæðin hafa verið frelsuð.

(þýtt úr Palestine 15-30 apríl 1978)

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

- Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 15:30 - 18:30.
- Hellisandur: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10.
- Stykkishólmur: Gísli Hjaltason P. O. Box 63.
- Akureyri Jón Atli Játvarðsson Skarðshlíð 30.
- Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38
- Hornafjörður: Skúli Waldorff, Bókabúð KASK.
- Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.
- Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir. Reykjavíkurvegi 24.
- Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 11N:220, 222 46 LUND. Hrólfur B. Ágústsson Uppstigen 139-31, 421 80 GÖTEBORG.

LEIÐRÉTTING

Sú leiða villa slæddist inn í viðtal Stéttabaráttunnar við Guðna Guðnason og Helga Jónsson, að haft var eftir Helga að Hermanson hafi verið lærisveinn Einars Olgeirssonar. Það átti að vera Axel Larsen. Hermanson var formaður sænska kommúnistaflokksins, en Larsen þess danska. Einnig kom ekki fram að viðtalið er stytt.



Sviðsskiptingarnar voru sérstaklega skemmtilegar.

Pilsaþytur

framhald af baksíðu

hendur, hefur löngum verið talið á sviði kvenna. Er ekki svo undarlegt þótt svo sé, þegar konurnar þekkja helst heimilið og nánasta umhverfi þess. Því skyldu þær ræða vandamál vinnumarkaðarins, réttindalausar og allslausar eins og hverjar aðrar vinnukonur. Hinn kosturinn var vændi, sem var mjög algengt!" Samkeppni kvennanna um karlana var barátta fyrir eigin framfærslu.



Teikningar úr leikskrá af þeim Þórhildi t.v. og Messíönu t.h..



ef þær taka engan þátt í honum sjálfar? Í leikskránni er stöðu kvennanna í Chiozza lýst svo: "En stúlkur úr lágstéttum áttu aðeins tveggja kosta völ ef þær ekki giftust. Annar var sá að búa til dauðadags hjá einhverjum í fjölskyldunni, gjarnan elsta bróður eða mági eftir að foreldrar féllu frá,

Ef menn ætla að fara á leiksýningu sem tekur fyrir réttindabaráttu kvenna, er Pilsaþytur ekki rétta valið, en þeir sem á annað borð vilja íhuga þjóðfélagsmál eða stöðu kvenna, gefst ágætt tækifæri til þess, auk þess sem verkið er skemmtilegt.

Ógildu kjörseðlarnir

Það var athyglisvert að fylgjast með er yfirkjörstjórn fór yfir vafaatkvæðin og úrskurðaði þau gild eða ógild. Greinilega er erfiðara en margan grunar að ógilda kjörseðil. Sumir virtust vilja láta sinn gamla flokk skilja að einmitt hann hefði þarna misst kjósanda, með því að auðkenna lista hans sérstaklega. Ef krossað var yfir allan listann og krossinn lenti innan ramma hans, taldist seðillinn gildur. Ef strikað var lóðrétt niður eftir listanum, en ekki haldið áfram alla leið, svo neðsti maður slapp, þá taldist seðillinn gildur, en breyttur á þá leið að allir væru strikaðir út nema neðsti maðurinn. Ef krossað var yfir listabókstafinn, var teiknaður hringur í kring um hann, eða krotað yfir hann, taldist seðillinn gildur. Þeim sem vilja hefna sín á sínum fyrri flokki með því að ógilda kjörseðilinn, er því ráðlagt að strika greinilega yfir allan seðilinn jafnframt því sem krotað er í ákveðinn lista. En það er líka hægt að ógilda kjörseðil án þess að það sé greinilega meiningin. Þannig krossuðu nokkrir við G,K eða R-lista, en krotuðu jafnframt yfir D-listann eða öfugt og ógiltu þannig seðilinn.

Nokkrir krossuðu á línuna mitt á milli tveggja lista. Sérstaklega var það milli F og G og milli Aog B. Enn aðrir virtust skipta um skoðun í kjörklefanum og strokuðu út krossa við einn eða jafnvel fleiri lista

Ef ekki var strokað nógu greinilega út dæmdist seðillinn ógildur. Margir krossuðu ekki fyrir framan listabókstafinn, heldur fyrir framan þar sem stóð listi og síðan nafn flokksins. Lenti krossinn þá stundum út í reit næsta flokks við hliðina, fyrir aftan bókstafinn og ef x-ið var á línunni úrskurðaðist seðillinn ógildur. Margir krossuðu við tvo eða fleiri lista og sumir við hin ýmsu nöfn á mismunandi listum. Slíkir seðlar voru að sjálfsögðu ógildir.

Utankjörstaðaatkvæðin voru ekki betri. Fjölmargir skrifa svo illa að ómögulegt var að ráða út úr því. Sérstaklega var erfitt að greina milli G og S og sumir skrifuðu litla skrifstafi svo vafamál var hvort skrifað var g eða s, eftir því hvernig seðillinn sneri. Þá skrifuðu sumir nafn flokksins sem þeir kusu og nokkrir skrifuðu jafnvel þær breytingar sem þeir vildu gera á listanum. Samkvæmt reglum má ekkert skrifa á atkvæðaseðilinn, nema listabókstaf og látið er gott heita, þótt x sé fyrir framan. Rithönd eða önnur auðkenni vega hins vegar ekki sjást. Samt úrskurðaði yfirkjörstjórn slíka seðla gilda.

Augljóst er af öllu að nauðsyn ber til að kynna betur fyrir fólki þær reglur sem gilda við kosningar. Það er ekki eins auðvelt og ætla mætti að setja x á blað eða skrifa einn bókstaf.

ATKVÆÐATÖLURNAR KREFJAST ENN MEIRA STARFS.

Framhald af baksíðu.

og reyna þannig að kljúfa Samtök herstöðvaandstæðinga. Þannig mætti lengi telja upp klofningsstarf Eik(ml) sem eru í eðli sínu klofningssamtök enda stofnuð sem slík.

Árangurinn af starfi Kommúnistaflokksins í alþingiskosningunum annars vegar og Eik-(ml) hins vegar er gagnolíkur. Eik(ml) eru engu nær eftir kosningarnar en þau voru fyrir þær. Samtökin lögðu litla sem enga vinnu í kosningabaráttu enda féllu þau í skugggann og eru engu nær um stöðu sína og styrk eftir sem áður.

Kommúnistaflokkurinn hefur öðlast ómetanlega reynslu og stendur nú mun fastari fótunum eftir kosningarnar en hann gerði áður. Úrslit þingkosninga geta aldrei táknað sigur eða tap fyrir hann. Úrslitin gefa Kommúnistaflokknum í grófum dráttum yfirlit yfir stöðu hans og styrk. Að baki framboðs Kommúnistaflokksins lá mikið starf og þó árangur þess starfs hafi ekki skilað sér í atkvæðatölum nú, er langt í frá að það starf hafi verið unnið fyrir gýg. Þau málefni sem Kommúnistaflokkurinn setti fram í kosningabaráttunni nú en hlutu ekki hljómgrunn meðal kjósenda, eru ekki gleymd meðal fólksins heldur greypt í huga þess. Komi á daginn að þau málefni reynist vera rétt mun árangur framboðsins ekki láta á sér standa. Það er aukaatriði hvort árangurinn skilar sér í atkvæðatölum. Aðalatriðið er að hann skili sér í markvissari baráttu verkalýðsins og aukinni meðvitund hans. Því má fullyrða að framboð Kommúnistaflokks Íslands nú hafi verið sigur fyrir verkalýðinn og það sem atkvæðatölurnar segja okkur félögum flokksins er hreint og beint þetta :"Þið verðið að leggja á ykkur enn meira starf í verkalýðsfélögunum, öðrum fjöldahreyfingum og að innri uppbyggingu flokksins. Þið verðið að leggja harðar að ykkur að nema og útbreiða fræðikenningar verkalýðsins og þið verðið að gera betur í að aðlaga þær íslenska þjóðfélaginu". Lifi flokkur verkalýðsins - Kommúnistaflokkur Íslands marxistar-lenínistar.



RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

„Unglingavandamál"

Ég skrifa þessa grein vegna þess að við unglingarnir virðumst alveg hafa gleymst núna undanfarið. Það er kannski vegna þess að undanfarið hafa kosningar og kosningaloforð verið eina umræðuefnið. Það vill nefnilega svo til að við getum ekki kosið hina og þessa herrana, vegna þess að við höfum ekki aldur til þess. Af hverju ætti þá að vera að lofa okkur einhverju. Við getum ekki hjálpað þeim til þess að þeir geti fengið að halda sínum háu launum og svikið allt sem þeir hafa lofað, ef þeim sýnist svo. Nei, þetta er hlutur sem okkur kemur ekki við. Við eigum bara að hlusta á eldri og reyndari menn. Eigum við kannski að hlusta á þá með loforð sín um betri stjórn, um að þeir geti þetta betur en allir aðrir.

Af hverju er okkur ekki úthlutaður peningur, eins og til dæmis sá peningur sem fór í að byggja fyrir okkur aðstöðu í Fellahelli. Fellahelli sem var byggður án þess að við værum spurð að því hvort við kærðum okkur um þessa aðstöðu. Ætla svo þessir fínu herrar að fara að troða okkur inn á skemmtistaði á virkum dögum, þegar enginn má vera að því að gleyma því að það kemur dagur eftir þennan dag. Það er nú ekki svo auðvelt að fá vinnu núorðið. Ég held að þeir séu fáir forstjórarnir sem koma í vinnu á mánudagsmorgni eftir svall helgarinnar og nenna að hlusta á einhverja krakkaorma sem koma og reyna að afsaka hvað þeir koma seint, vegna þess að þeir hafi verið úti að skemmta sér kvöldið áður. Ég held að það séu fáir unglingar sem kæra sig um að missa svoleiðis kannski einu sumarvinnuna eða eina skólaplássið sem þeir hafa.

Hvað svo sem þessir fínu "herrar" segja eða gera þá held ég , og ég hugsa að það sé ekki bara ég, að þetta "unglingavandamál" sem allir eru að hjálpast við að skapa verði alltaf til á meðan unglingarnir eru svo að segja bundnir við þennan eða hinn stólinn, eftir því hvort það er þessi eða hinn "herrann" sem ræður.

Unglingarnir þurfa að skapa sér sína aðstöðu sjálfir til þess að einhver árangur náist, - þangað til flækjast þeir um götur borgarinnar um helgar undir lögregluvernd. Myndu þessir fínu "herrar" kannski kæra sig um það að það kæmi einhver fulltrúi heim til þeirra og raðaði þar húsgögnunum upp eftir sínum smekk og þeim mætti ekki breyta nema þessum fulltrúa sýndist svo.

Við fáum engu framgengt á meðan hver situr í sínu horni og vonar að Tónabær verði nú kannski opnaður aftur, eða að við fáum eitthvað annað sem gæti hugsanlega komið í staðinn fyrir hann. Eina leiðin til þess að þetta lagist eitthvað er að við fáum að byggja upp okkar aðstöðu sjálf. Við erum eins og einhver vandræðahlutur í þjóðfélaginu sem á að hlýða hinum eldri og reyndari. En þó svo að við gerðum það, hvaða þýðingu hefur það þá fyrir okkur, - ekki myndi það bæta okkar aðstöðu og ekki myndi Tónabær opnast við það.

Byggjum okkar aðstöðu upp sjálf, við erum þau einu sem vitum hvernig henni er best háttað.

Svar



Ég vil byrja á því að þakka lesandanum fyrir bréfið. Það er hárrétt hjá bréfritara að málefnum unglinga er nær ekkert sinnt. Þeim er stjórnað af yfirvöldum samkvæmt reglunni "haltu kjafti, hlýddu og vertu góður, - (heiðra skaltu föður þinn og móður)".

Samkvæmt unglingavandamálsþvælunni eru allir unglingar einn hópur og allir foreldrar einn hópur. Stenst þetta? Hvaða unglingar eru það sem eiga við versta aðstöðu að búa og leita því út á götuna? Jú, það eru þeir sem ekki geta farið í borðtennis eða sjónvarpsleik í "hobbyherberginu" í kjallaranum, afþví að það er ekkert pláss fyrir borðtennisborð, ekkert "hobbyherbergi", - kannski heldur enginn kjallari. Það eru börn þeirra foreldra sem hafa engann tíma til að sinna þeim, þeirra sem koma alltaf þreytt heim og lærðu aldrei nógu mikið til að geta hjálpað þeim með skólann. Börn verkafólks.

Hvert fer svo fullorðið fólk út að skemmta sér? Á "skemmtistaði" sem bjóða ekki uppá annað en að drekka þangað til eitthvað rofar til í sálinni. Er þetta ekki líka aðstöðuleysi? Eru það "hinir fullorðnu" sem stjórna þjóðfélaginu? Ja, það hljóta þá að vera hinir fullorðnustu af öllum fullorðnum. Því almenningur hefur engin völd nema eitt aumt atkvæði á 4ra ára fresti. Eru fullorðnir ekki kúgaðir á vinnustað? Jú. Þessi atriði ættu að nægja til að sýna okkur að unglingar sitja ekki einir í súpunni. Málið er ekki að við unglingar fáum að vera í friði fyrir fullorðnum, heldur að við fáum öll að njóta okkar í friði fyrir borgarastéttinni.

Eitt af því sem við viljum sérstaklega taka upp er það sem bréfritari segir "..þetta unglingavandamál sem allir eru að'hjálpast við að skapa." Það er rétt að unglingavandamálið er tilbúið vandamál. En hverjir sköpuðu það? Til þess að svara því viljum við minna á hverjir hafa hag af því. Það eru þeir sem deila hér og drottna, þeir sem etja börnum og foreldrum, ungum og gömlum og körlum og konum saman. Þeir sömu sem hafa hag af því að halda unglingunum láglaunuðum og að spara við þá allt sem hægt er. Það er valdastéttin á Íslandi, borgarastéttin, sem kúgar ekki bara unglinga, heldur alla alþýðu.

Þessvegna leggjum við áherslu á að allir þeir sem búa við misrétti og kúgun eiga að standa saman í baráttunni gegn kúgurunum, þar til þeir sitja í súpunni.

En hvað eiga unglingar að gera í málunum? Fyrsta skrefið er að reyna að sjá í gegnum blekkinguna og að miða á rétta óvininn. Við erum ekki fyrsta kynslóðin sem stendur í baráttu. Aðrir hafa gengið á undan okkur, við verðum að læra af þeim, berjast með þeim t.d. innan verkalýðshreyfingarinnar fyrir hagsmunum okkar allra. Við höfum ýmsa hagsmuni sem brenna mest á okkur svo sem endurbætur á skólakerfinu. Við verðum að ræða málin, reyna að þróa fram afstöðu og setja fram kröfur til stjórnvalda.

Í samstöðunni felst sigurinn.

unglingur í KFÍml.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
27. tbl. 7. árg. 27.6. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.



Þegar kapítalistarnir telja fyrirtækin ekki lengur arðbær og leggja þau niður, leggur ríkið niður opinbera þjónustu í viðkomandi byggðarlagi, svo íbúarnir neyðast til að flytjast á brott, eins og gerðist í þessu þorpi.

Dæmi um heimsvaldastefnu

Nýlega er lokið þjóðaratkvæðagreiðslu á Grænlandi um hvort banna eigi algerlega sölu á áfengu öli þar eða hvort setja eigi takmarkanir á sölu þess. Áfengisneysla er mjög stórt vandamál á Grænlandi. Atkvæðin féllu takmörkunum í vil. Kjörsókn var mjög dræm

Það er í sjálfu sér ekkert sérlega markvert að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram um þetta mál en það sem kom fram í tengslum við þetta mál er aftur á móti þess virði að athuga nánar.

Fréttamenn íslenska ríkisútvarpsins skýrðu frá því, er sagt var frá þessu máli, að þessar kosningar væru ekki bindandi fyrir heimastjórn Grænlands, en það var hún sem stóð fyrir kosningunum, heldur væru þau aðeins leiðbeinandi . Enda væri mikið í húfi fyrir grænlensku heimastjórnina þar sem hún fengi langstærsta hlutinn af sínum tekjum sem tolla af áfengi. Já, nýlenduherrarnir danir létu ekki að sér hæða. Grænland er mjög ríkt af ýmsum náttúruauðlindum, t.d. kopar. Danska auðvaldið er nú í óða önn að deila út þessum auðlindum og miðar aðeins við að fá sem mest út á sem stystum tíma. Hin auðugu fiskimið við strendur landsins hefur danska auðvaldið notað til að fá sem hagstæðasta samninga innan EBE og svona mætti lengi telja.

Anker Jörgensen, sósíalkrataforinginn, forsætisráðherra dana, hefur lýst því yfir að öll náttúruauðævi á Grænlandi önnur en þau sem liggja ofanjarðar, t.d. gras, séu eign dönsku þjóðarinnar, les. danska auðvaldsins og skuli svo vera um ókominn aldur.

Til að halda grænlendingum niðri hafa dönsku auðjöfrarnir einskis svifist. Gömlum atvinnuháttum grænlenska veiðiþjóðfélagsins hefur miskunnarlaust verið komið fyrir kattarnef og fólk flutt saman í stærri byggðarkjarna, til þess að það gæti betur þjónað atvinnuháttum auðvaldsþjóðfélagsins. Það, samfara þeim gjörbreyttu þjóðfélagsviðhorfum, hefur skapað mikið rótleysi meðal grænlendinga og hjálpað til að brjóta niður siðferðisþrek þjóðarinnar. Til þess að koma í veg fyrir að grænlendingar rísi upp og krefjist réttar síns, þá var áfengið gott hjálparmeðal og þótti það jafnvel svo að dæmi voru um að grænlensku verkafólki væri borgað kaup að hluta í áfengi. Það var því eðlilegt fyrir nýlendukúgarann, að reyna að fá grænlensku heimastjórnina til að styðja sig í þessum verknaði með því að setja þeim afarkosti.

Annað hvort fjárskort eða áframhaldandi aðför að grænlenskri sjálfsvirðingu.

Loksins aðalfundur í Dagsbrún

Dagsbrúnarstjórnin hefur nú loks ákveðið að halda aðalfund í verkamannafélaginu. Samkvæmt lögum félagsins átti að halda fundinn í síðasta lagi 15. febrúar, svo nú eru liðnir 4 og 1/2 mánuður frá því halda átti fundinn.

Það er kannski ekki nema von að hvorki aðalfundurinn né nokkrir félagsfundir hafi verið haldnir. Eðvarð Sigurðsson formaður og Guðmundur J. Guðmundsson varaformaður hafa verið önnum kafnir í kosningabaráttu og hafa því látið verkamannafélagið sitja á hakanum.

Þrátt fyrir kjararánslögin og hinar ýmsu aðgerðir gegn þeim sem allar hafa farið út um þúfur, hefur ekki verið haldinn félagsfundur í Dagsbrún síðan í febrúar. Engu er líkara en stjórnin hafi viljað draga fundahöld í félaginu fram yfir kosningar.

Ákvarðanatekt varðandi aðgerðir gegn kjararánslögunum hefur algerlega verið í höndum forystumannanna en verkamenn hafa ekkert tækifæri haft til að láta álit sitt í ljós né hafa áhrif á gang mála. Er það glöggt dæmi um hversu mjög forystumennirnir meta lýðræðið innan verkalýðshreyfingarinnar.

Aðalfundurinn verður haldinn 2. júlí kl. 14 í Iðnó og vill Stéttabaráttan hvetja félagsmenn til að mæta þar.



Þegar rógurinn er dreginn fyrir dóm.

Pilsaþytur


Blaðamenn Stéttabaráttunnar brugðu sér um daginn á frumsýningu Nemendaleikhússins á leikritinu Pilsaþytur í Chiozza. Áhorfendur fögnuðu leikurunum lengi og innilega að sýningu lokinni. 4. bekkur S átti líka alveg fyrir því, og þá ekki síður leikstjóri þeirra, Þórhildur Þorleifsdóttir, og leikmynda- og búningateiknarinn, Messíana Tómasdóttir. Sviðsmynd og búningar var hvort tveggja einföld og skemmtileg, eins og reyndar í fleiri verkum Messíönu. Skiptingar á sviðinu gengu skjótt fyrir sig og í stað þess að draga tjöld fyrir á meðan, voru ljósin deyfð og birtan á sviðinu sjálfu bláleit. Það er gaman að sjá hvernig leikararnir hreyfðu sig jafn léttilega meðan þeir breyttu leiktjöldunum, en strunsuðu ekki um. Skiptingarnar urðu eins og hluti af leiknum. Það er líka annað sem er athyglisvert að bera saman hjá Nemendaleikhúsinu og einnig Alþýðuleikhúsinu LR og áhugamannleikfélögunum úti á landi, en það er sviðsframkoman. Hjá þeim síðarnefndu er oft eins og um sé að ræða misjafnlega lélega stælingu á raunveruleikanum, en hjá þeim fyrrnefndu er öllu heldur á listrænan hátt dregin upp táknmynd frekar en eftirherma. Leikurinn hjá Nemendaleikhúsinu er líflegur og skemmtilegur og þeir sem fara á sýningu þeirra til að sjá leiklist, fara ekki vonsviknir heim. Pólitík verksins virðist ekki mikil við fyrstu sýn. En þegar betur er að gáð, kemur í ljós að tekin er ákveðin afstaða. Konurnar slúðra, rægja og rífast, en höfundurinn fordæmir þær ekki sem vondar konur eins og vant er í slíkum tilvikum, heldur segir þær þrátt fyrir allt vera bæði góðar og heiðvirðar. Ekki kemur skýrt fram í verkinu sjálfu hver staða konunnar sé og út frá því hvers vegna það sé svo mikilvægt fyrir þær að giftast. Það er því mikilvægt að lesa það sem Þ.Þ. skrifar í leikskrána um baksvið verksins. Til þess eru líka leikskrár að í þeim sé að einhverju getið höfunda verksins og því umhverfi og aðstæðum sem það gerist við. Deilur við nágrannana og áhugi fyrir því sem hann tekur sér fyrir

framhald af síðu 3

Atkvæðatölurnar krefjast enn meira starfs

Eitt er það sem hin unga marxíska-lenínska hreyfing á Íslandi verður að líða fyrir í öllu starfi sínu. Það er hinn alvarlegi klofningur í hreyfingunni. Kom þetta mjög skýrt fram í kosningaátökunum nýafstöðnu, þar sem Kommúnistaflokkurinn bauð fram en Eik(ml) hvöttu stuðningsmenn sína til að skila auðu. Þá afstöðu sína að bjóða ekki fram, útskýrðu Eik (ml) helst með því að samtökin treystu sér ekki til þess.

Eik(ml) snérust gegn framboði Kommúnistaflokksins en ekki á málefnalegan hátt og ekki samkvæmt því hver brýnustu hagsmunamál verkalýðsins eru. Kommúnistaflokkurinn bauð fram til að leggja áherslu á þrjá málaflokka aðallega, efnahagsmál þ.e. að vinnandi fólk geti lifað mannsæmandi lífi af 40 stunda vinnuviku, verndun lýðréttinda s.s. samningsréttinn og málfrelsið, og baráttuna gegn allri heimsvaldastefnu sérstaklega risaveldanna tveggja USA og USSR og að Ísland gangi úr NATO og herinn hverfi á brott af landinu. En hin "málefnalega" afstaða Eik (ml) til þessara málaflokka var orðrétt þessi: "Að styðja K-lista merkir: - að styðja einangraða smáklíku sem staðið hefur að skemmdarverkum í verkalýðsbaráttu og andheimsvaldabaráttu, - að styðja grófa endurskoðun á marx-lenínismanum/kenningum Maós Tsetungs". Það má segja að ekki vanti óútskýrðu alhæfingarnar og það má spyrja hverju verkalýður landsins sé svo bættari á eftir. Eik(ml) snúast hreinlega gegn brýnustu hagsmunamálum verkalýðsins.



Frá atkvæðagreiðslu verkamanna í Kaupmannahöfn 1. maí 1890 um 8 tíma vinnudag.

Eik(ml) snérust gegn framboðstilraun hátt á annað hundrað verkamanna er ætluðu að bjóða fram gegn stjórn Dagsbrúnar. Eik(ml) klufu kvennahreyfinguna á baráttudegi verkakvenna 8. mars. Eik(ml) klufu mótmælaaðgerðir Samtaka herstöðvaandstæðinga 21. ágúst 1977 fyrir utan sovéska sendiráðið. Og nú hyggjast Eik(ml), sem varla líta við því að starfa innan Samtaka herstöðvaandstæðinga, stofna nýja andheimsvaldahreyfingu

framhald af síðu 3